

## 8. gr.

*Fyrirframgreiðsla barnabótaauka.*

Þar til álagning liggur fyrir, skv. 3. mgr. 4. gr. skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram til þeirra framfærenda barna sem nutu barnabótaauka á fyrra ári. Fyrirframgreiðsla skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok fyrra árs og heimilisföst hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 50% af greiddum barnabótaauka fyrra árs. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin gjöld skv. 1. - 13. tölul. 5. gr. reglugerðar þessarar. Fyri greiðslan skal greiðast út 1. febrúar en seinni greiðslan 1. maí.

## 9. gr.

*Leiðrétting barnabóta og barnabótaauka.*

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið bóta samkvæmt reglugerð þessari eða bætur hafi verið ákvarðaðar of háar skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

## 10. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í A-lið og B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 10. janúar 1997.*

F. h. r.

**Bragi Gunnarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnheiður Snorradóttir.*

## REGLUGERÐ

### um afnám reglugerðar um embætti Húsameistara ríkisins, nr. 259/1973.

## 1. gr.

Reglugerð um embætti Húsameistara ríkisins, nr. 259/1973, er felld úr gildi frá og með 1. janúar 1997.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðuneytinu, 13. janúar 1997.*

**Davíð Oddsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ólafur Davíðsson.*